




BYGGINGARLÝSING

MIÐVANGUR 51
Fasteignanúmer: F2078043
Landnúmer: L121905

Upphaflegur hönnuður hússins er Kjartan Sveinsson, en eigninni hefur verið breytt að hluta frá upphaflegri hönnun, t.d. með viðbyggingum og álplötuklæðningu eins og þeirri sem sýnd er í þessu erindi.

Um er að ræða viðbyggingu úr timbri sem kemur ofan á núverandi steypa þakplötu bílageymslu. Viðbyggingin kemur milli núverandi húsluta (51 og 53) á 2.hæð. Aðgengi að viðbyggingu verður um stígagang á 2.hæð, en núverandi svalahurð verður fjarlægð og hurðaoþ síkkað niður að gólfi. Allt burðarvirki viðbyggingarinnar verður úr timbri, en svipaðar viðbyggingar hafa verið gerð við fjölmörg hús við götuna. Leitast verður við að hafa útlit, form og líti á viðbyggingunni þannig að hún falli vel að núverandi húsum.

Í viðbyggingunni verður hjónaherbergi með fataherbergi, þvottahús og einnig sturtuklefi sem tengist baðherbergi sem fyrir er.

Einnig er gerð sú breyting á jarðhæð, að þvottahús er sameinað eldhúsi.

Raðhúsið er staðsteypt með bárujárnsklæddu þaki yfir herbergjaálum, og steyptri þakplötu yfir bílskúr og geymslu. Nokkur hús í lengjunni hafa verið klædd með hvítri blökkplötuklæðningu á grind, og í þessari framkvæmd er gert ráð fyrir að sama klæðning verði sett á hús númer 51.

ÞAK. Þak er einhalla sperruþak gert úr 245x50 sperrum sem sitja á núverandi steyptum útveggjum. Þakklæðning er aluzink bárujárn í flokki T, þakhalli er 12°. Einangrað er á milli sperra með 220mm þakeinangrun úr steinull. Ofan á sperrur kemur vindpappi, þá langbönd sem mynda 45mm loftunarbíl og ofan á þau 18mm grenikrossviður, soðinn þakpappi, uppklossuð langbönd og bárujárn. Skotrenna við nærliggjandi hús (53) skal hafa að lágmarki 10 prómill halla, sem skilar þakvatni í þakniðurföll. Setja skal hitaþráð í skotrennur til að koma í veg fyrir að vatn safnist fyrir í krapa og froststíflum yfir vetrartímann.

Til að tryggja næta loftun inn á þakvirki, skal koma fyrir 40mm loftunarrörum með neti, 18stk á hvorri hlið þaksins, en það uppfyllir kröfu í reglugerð um 1300mm2 fyrir hvern m2 þakflatar. Undir einangrun skal setja 2mm stálvír c/c 300mm. Neðan á sperrur og einangrun kemur rakavarnarlag, 0,2mm þolplast. Öll samskeyti á rakavörn skal líma með þar til gerðu límbandi og þar sem rakavörn kemur að öðrum byggingarhlutum skal festa rakavörn með límkitti eða klemmu með lista. Lagnagrind úr timbri 45x45mm festist neðan á sperrur, klædd með 13mm gipsplötum.

ÚTVEGGIR. Burðargrind útveggja er 150mm timburgrind, fyllt með 100mm steinullareinangrun. Utan á burðargrind kemur 9mm grenikrossviður, þá gufuopinn dúkur, 50mm steinullareinangrun og loftræst slétt álklæðning á burðarleiðurum og festingum. Plötustærð og lítur álklæðningar (hvítur) verður í samræmi við önnur hús í raðhúsalengjunni. Tryggja skal góða loftun bak við klæðningu. Innan á timburgrind kemur rakavarnarlag, 0,2mm þolplast. Sjá frágang á rakavarnarlagi í texta um þak. Innan við rakavarnarlag kemur lagnagrind 45x45mm sem er klædd gipsplötum.

MILLIGÓLF. Steypt þakplata yfir bílskúr og geymslu verður gólf nýrrar viðbyggingar, og með ilögn verður gólfkoti sá sami og á 2.hæð hússins. Ofan á ilögn kemur gólfefni með undirlagi.

SVALIR: Við suðurhlið viðbyggingar koma svalir sem uppfylla kröfur um flóttaleiðir og loftun. Til að fá góðan frágang og vatnspéttingu við nýjan útvegg verður steypтур kantur undir útvegg, og vatnshalli tryggður með ilögn. Vatnspétting svala verður með bræddum tjörupappa en ofan á hann kemur timburgólf (pallur) á grind.

Svalahandrið verður úr galvaniseruðum stálprófilum, lágmarks hæð handriðs verður 1100mm frá svalagólfi.

GLUGGAR. Gluggar eru álklæddir timburgluggar. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbíl. Í gluggum þar sem fallhæð utan við glugga er 2.0m eða meiri og neðri brún glers nær gólfi en 0.6m skal glerid í glugganum vera samlímt öryggisgler. Lýsing á gluggum á líka við um frágang á svalahurð.

INNVEGGIR. Innveggjur eru ýmist berandi, úr 95x45mm timburgrind, eða venjulegir innveggir úr 70mm timburgrind, klæddir gipsi og fylltir með steinull.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Allar lagnir verða tengdar inn á núverandi lagnakerfi hússins. Gólfhitalagnir verða á í viðbyggingunni. Inntök veitna eru í bílageymslu undir viðbyggingunni. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrymum viðbyggingar, þ.e. snyrtingum og þvottahúsum. Hiti á neysluvatni skal ekki vera hærri en 65°C við vaska (á töppunarstað) skv. staðli ÍST 67-2003.

LOFTRÆSTING RÝMA. Öll rými íbúða skulu loftræst í samræmi við gr.10.2.5 í byggingarreglugerð. Loftræsting skal henta viðkomandi rými þannig að magn ferkslofts sé fullnægjandi til að komið sé í veg fyrir lyktarmengun og rakamettnu útilofts. Útsog skal vera í eldhúsum, baðherbergjum, snyrtingum, þvottaherbergjum, stökum geymslum og kjallaraherbergjum. Útsog frá eldhúsi, salernum og þvottahúsi má ekki draga gegnum önnur rými hússins.

BRUNAVARNIR. Allar innanhússklæðningar verða í flokki 2 og customhouses í flokki 1. Þakklæðningar verða a.m.k í flokki T. Þak viðbyggingar verður EI60, veggur milli M51 og M53 verður EI90, og gólf milli viðbyggingar og bílageymslu verður REI90. Hurð milli bílageymslu og eldhúss verður EI-60-CS Flóttaleið úr viðbyggingu verður um svalahurð í svefnherbergi hjóna. Reykskynjarar skulu vera í öllum svefnherbergjum, og handsökkvitæki af viðurkenndri gerð staðsett skv. teikningu.


STÆRDIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

FYRIR STÆKKUN:
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 187,3m2
Heildarrúmmál: 587,7m3


STÆKKUN:
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 33,0m2
Heildarrúmmál: 120,1m3

SAMTALS EFTIR STÆKKUN:
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 220,3m2
Heildarrúmmál: 707,8m3


Skráningartafla: Miðvangur 51, Hafnarírói					Skrásetjari: Kári Eiríksson															
Landeignanúmer: L121905					Kennitala: 070365-4059															
Matshlutanúmer: 01					Prenna		Útgáfa: 5.03		Dags.: 24.3.2025											
Uppskipting og lýsing					Stærðir															
D0	D1	D2	D3	D4	D5	D5M	D6	D7	D8	D9	D10a	D10b	D11	D12	D13	D14	D15			
Lokun	Rými hæð-roð	Notkun texti	Höfuð-flokkun	Eignar-hæð	Botnflötur m²	Milliflötur m²	Stígar m²	Op m²	Brúttóflötur m²	Brúttóflötur sh < 1,8	Salarhæð min	Salarhæð max	Brúttó rúmmál m³	Nettóflötur m²	Birt flatarmál m²	Reiknitala skiptarúmmáls	Skipita-rúmmál m³			
		Matshluti Botn			295,5	0,0	4,9	5,5	220,3	69,7			707,8 23,6	198,9	220,3		567,463			
A	0101	1. Hæð íbúð	N	0101	117,8	0,0	4,9	0,0	117,8	0,0			323,9	105,6	117,8					
A	0102	Bílageymsla	B	0101	78,9		4,9		78,9		2,70	2,70	213,0	70,7	78,9	2,70	190,890			
B	0103	Verönd/stétt	S	0101	38,9				38,9		2,85	2,85	110,9	34,9	38,9	2,85	99,465			
					14,3				14,3						1,00	14,300				
A	0201	2. Hæð íbúð	N	0101	177,7	0,0	0,0	5,5	102,5	69,7			360,3	93,3	102,5		257,508			
A	0202	Þakrými	V	0101	108,0			5,5	102,5		2,65	4,00	298,6	93,3	102,5	2,76	0,000			
B	0203	Svalir	S	0101	69,7					69,7	0,15	1,57	61,7			1,00	5,300			
					5,3				5,3						1,00	5,300				
Athugasemdir																				
1. Þykkt klæddra útveggja er 300mm																				
2. Þykkt þaks er 350mm																				
3. Bílageymsla 0102 er í eigu íbúðar 0101																				
</																				



Sneiðing AA
mkv. 1:100



Sneiðing BB
mkv. 1:100



Ásýnd - Austur
mkv. 1:100



Ásýnd - Norður
mkv. 1:100



Ásýnd - Suður
mkv. 1:100

TÁKN:

Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu.

EI-60

Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu.

REI-60

Slökkvitæki

Ø

Reykskynjari

R

Björgunarop (grunnmynd)

Rýmisnúmer

0101

Lofræst rými

LR

Gólfniðurfall

GN

Hitaveita

HV

Vatnsveita

VV

Rafmagnsveita

RV

heimilisfang
sveitarfélag
verkhúti
skýringartexti

verknúmer
24/08
teiknað
KE
teikning nr.
A-202

landnúmer
L121905
yfirfarið
KE
útgáfa/breyting

staðfanganúmer
STF1029747
kvart.
1:100
dags.
25-03-2025

AOK ARKITEKTAR

RADHÚS - BREYTING
Miðvangur 51 - F2078043
HAFNARFIRÐI
AÐALUPPDRATTUR
ásýndir og sneiðingar

arkitekt / hönnunarstjóri: Kári Eiríksson, arkitekt, kt. 070365-4059
AOK - Gunnarssundi 5 - 220 Hafnarfjörður - kt. 480318-1610
sími: 699-0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is

A1
ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafastíðir skal bera undir hönnuð.
Mælið ekki af teikningum, öll mál athugast á staðnum.
Öll afnot og afritun teikninga, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.